

Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytið
Ingimar Jóhannsson
Skúlagata 4
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 23. febrúar 2012
2012020004/42-9
TB
jgo/tb

Efni: Innflutningur á laxahrognum og sviljum frá Noregi, umsögn

Vísað er til bréfs frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, dags. 2. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Aqua Gen um leyfi til innflutnings á kynbættum augnhrognum af Atlantshafslaxi til Íslands. Jafnframt er sótt um leyfi til að flytja inn svil frá sama stofni Aqua Gen til að kynbæta íslenskan laxastofn fyrirtækisins.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir innsend gögn frá Aqua Gen. Gögnin lýsa að mörgu leyti vel fyrirtækinu og innri starfsemi þess. Einnig er að finna gott yfirlit yfir ýmsa sjúkdóma og hvaða sjúkdóma fyrirtækið telur sig vera laust við og hvaða sjúkdómar hafa fundist í fiskeldi fyrirtækisins.

Í umsóknina vantar alfarið áhættumat sbr. 5. gr. laga nr. 54/1990 hvað varðar hugsanleg áhrif af innflutningi hroga og svilja fyrir dreifingu sjúkdóma bæði fyrir fiskeldi og villta laxastofna. Af innsendum gögnum má það vera ljóst að töluverði áhætta fylgir innflutningi milli landanna þó að einstakir sjúkdómar finnist ekki í dag í eldi Aqua Gen. Bæði er að í raun er sótt um leyfi til að flytja inn t.d. svil árlega, framvegis, og að sjúkdómar sem finnast ekki í dag á ákveðnum stöðum getur skotið upp. Meta þarf þessa áhættu og hagsmuni Íslands hvað það varðar.

Enga umfjöllun eða áhættumat er heldur að finna um hugsanlega blöndun kynbættra laxastofna Aqua Gen við íslenska villta laxastofna. Ólíklegt er að alfarið sé hægt að koma í veg fyrir að kynbættur fiskur Aqua Gen sleppi út í náttúru Íslands og því rétt í þessu sambandi að minna á 41. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.



Náttúrufræðistofnun Íslands telur innsend gögn ekki fullnægjandi og að töluverð áhætta geti fylgt innflutning hrognra og svilja frá Noregi og hafna beri því umsókn Aqua Gen.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

